



Ljósmynd: Teikn á lofti.



Ljósmynd: Sverrir Thorstensen.



Ljósmynd: Sverrir Thorstensen.



Ljósmynd: Jón Ingi Cæsarsson.

Hönnun og umsýja: Teikn á lofti ehf.

Gulvíðir (*Salix phylicifolia*)



Gulvíðir er stærstur af íslensku víðitegundunum. Hann er algengur um allt land upp í 600 m hæð, en vex sjaldan hærra. Hann kann oftast best við sig á lægri og votari svæðum innan birki-skógarins. Gulvíðir breiðir mikið úr sér og myndar oft kringlóttu runna um 5-10 m í þvermál og 4-5 m á hæð.

Salix phylicifolia is a species of willow, called tea-leaved willow, native to Northern Europe. It is a fully hardy perennial deciduous tree with yellow flowers when in bloom. Can grow to 4-5 m in height and as high in altitude as 600 m above sea level.

Loðvíðir (*Salix lanata*)



Loðvíðir er runni sem oft er hálfur til einn metri á hæð, en getur orðið 2-3 metrar við góð skilyrði. Hann er algengur um allt land og vex upp að 900 m hæð. Laufblöðin eru loðin á báðum hliðum og blómstrar hann áður en hann laufgast, snemma á vorin. Loðvíðir gengur líka undir nafninu "grávíðir" en í plöntubókum er það nafn notað yfir fjallavíði.

Salix lanata, the woolly willow, is a subarctic species of willow native to Iceland. It is a low, many-branched, deciduous shrub, generally less than 1 m high by 1.5 m broad.

Birki (*Betula pubescens*)



Ilmbjörk eða birki er algengasta og eina upprunalega skógartréð á Íslandi. Áður fyrr var birki mjög útbreitt og myndaði víða samfellda skóga. Við úthafsloftslag myndar það kjarr 2-3 m hátt en þar sem loftslag er landrænna verður skógurinn hávaxnari, oft 5-10 m á láglendi. Eftir að svæðið í Krossanesborgum var friðað fyrir búfjárbreit, þá fjölgaði birki hratt á svæðinu.

Betula pubescens, birch, is the only native tree to Iceland. It is a deciduous tree growing up to 5-10 m in height (0.7 m broad). Also seen as a 2-3 m shrub, depending on the climatic conditions. Now common in Krossanesborgir.

Reyniviður (*Sorbus aucuparia*)



Villtur reyniviður myndar ekki skóga á Íslandi, heldur vex á stangli innan um birkið. Reyniviðartren eru að jafnaði hærri og standa upp úr birkinu og eru því áberandi um blómgunartímann. Trén geta orðið 60-140 ára eftir aðstæðum á hverjum stað og allt að 14 m á hæð. Reyniviður er tiltölulega nýr landnemi í Krossanesborgum.

Sorbus aucuparia, commonly called rowan and mountain-ash is a species of deciduous tree or shrub in the rose family. It is increasingly common in Iceland and can reach up to 14 m in height.

